

	€	£	\$
Starfsþættir	ESB	Bretland	Bandaríkin
Aðskilnaður eða afmörkun á eigin viðskiptum, miðlun og fjárfestingarbankastarfsemi banka sem taka við innstæðum	Í Liikanen-skýrslunni eru tillögur um slíkt. Aðskilja þarf fjárfestingarbankastarfsemi sé hún er stór hluti af heildarrestri bankans og/eða er af slíkri stærðargráðu að hún getur ógnað fjármálastöðugleika.	Í Vickers-skýrslunni er kveðið á um aðskilnað. Aðskilja þarf rekstur viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi banka sem tilheyrir breskri lögsögu og bresku eftirliti þegar innstæður eru umfram 25 milljörðum punda.	Já, og hefur verið þannig lengi í bandarískri löggjöf. Bankar sem hafa aðgang að innstæðutryggingum verða að vera í sérfélögum. Gildir óháð stærð.
Er fjárfestingarbankastarfsemi heimilúð innan sömu bankasamstæðu þegar hún inniheldur einnig innlánastarfsemi?	Það er heimilt samkvæmt tillögum Liikanen-nefndarinnar. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um björgun og slit fjármálfyrirtækja gerir það að skilyrði að uppbygging starfsemi slíkra samstæðna sé með þeim hætti að hægt sé aðskilja þessa þætti.	Samkvæmt tillögum Vickers-nefndarinnar er það heimilt samanstandi samstæðan af sjálfstæðum einingum sem eru aðskildar með þeim hætti að það muni ekki tefja fyrir slitum.	Bæði og. Volcker-reglan leggur bann við eigin viðskiptum fjármálfyrirtækja sem taka við innstæðum. Auk þess þarf móðurfélag innlánsstofnunarinnar að hafa starfsleyfi þess fjármálalegt eignarhaldsfélag til þess að mega stunda fjárfestingarbankastarfsemi
Starfsemi sem bankar sem taka við innstæðum mega ekki taka sér fyrir hendur	Tillögur Liikanen-nefndarinnar fela í sér að bankar sem taka við innstæðum mega ekki standa í „áhættusömstu þáttunum í fjárfestingarbankastarfsemi og þar sem að virði stöðutöku getur breyst á skömmum tíma.“ Sérstakt bann er lagt við: <ul style="list-style-type: none"> ✗ eigin viðskiptum ✗ að eiga eignir eða afleiðustöður vegna viðskiptavaktar ✗ að veita vogunarsjóðum, sérstökum fjárfestingafélögum og öðrum sambærilegum aðilum lán ✗ þátttöku í fjárfestingum einkafjárfestingasjóða 	Samkvæmt Vickers-skýrslunni mega bankar sem taka við innstæðum ekki eiga í eftirfarandi viðskiptum, nema um sé að ræða óhjákvæmilega fylgífiska viðskiptabankastarfsemi: <ul style="list-style-type: none"> ✗ stöðutaka í verðbréfum fyrir eigin reikning ✗ útgáfa verðbréfa fyrir viðskiptavini ✗ viðskipti með verðbréf ✗ lán á verðbréfum eða viðskiptavakt ✗ viðskipti á eftirmarkaði með fjármálagerninga ✗ umsjón skuldabréfaútgáfu ✗ verðbréfun eigna utan samstæðunnar ✗ bankaviðskipti utan EES-svæðisins ✗ viðskipti við aðrar fjármálastofnanir nema með sérstökum undantekningum. 	Samkvæmt núgildandi lögum mega bankar sem taka við innstæðum almennt ekki: <ul style="list-style-type: none"> ✗ eiga í viðskiptum með flestar tegundir verðbréfa ✗ annast miðlun verðbréfa ✗ hafa umsjón með útgáfu verðbréfa Dodd-Frank-lögin gera jafnframt kröfu um að viðskipti með sumar skuldatryggingar og sumar aðrar afleiður fari ekki fram í innlánsstofnunum.
Starfsemi sem bönkum sem taka við innstæðum er heimil	Tillögur Liikanen-nefndarinnar fela í sér að aðeins innlánsstofnanir innan fjármálasamstæðu megi nota tryggðar innstæður til fjármögnunar og almennrar viðskiptabankastarfsemi. Þar að auki mega innlánsstofnanir fást við eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> ✓ lánastarfsemi ✓ fjármögnun inn- og útflutnings ✓ einkabankabjónustu og eignastýringu ✓ einfaldri verðbréfun ✓ afleiðuviðskipti með eigin eignir og skuldastýringu og sölu á áhættuvörnum til viðskiptavina annarra en fjármálfyrirtækja með takmörkunum. 	Vickers-skýrslan kveður á um að innlánsstofnunum sé heimilt að taka við innstæðum og veita yfirdráttarlán til einstaklinga og smárra og meðalstórra fyrirtækja. Auk þess mega slíkir bankar fást við eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> ✓ Alla þá starfsemi sem er nauðsynleg til lausafjárstyrkingar ✓ stýra áhættu á efnahagsreikningi ✓ fjármögnun (svo sem afleiðuviðskipti vegna áhættustýringar) ✓ gerð einfaldra áhættustýringagerninga. 	Samkvæmt núgildandi lögum mega innstæðustofnanir eingöngu standa í viðskiptabankastarfsemi. Auk þess mega þær standa í sambærilegri starfsemi og talin er upp í Liikanen-skýrslunni með eftirfarandi undantekningum: <ul style="list-style-type: none"> ✗ mega almennt séð ekki standa í viðskiptum með verðbréf ✗ mega ekki annast viðskiptavakt eða umsjón skuldabréfaútgáfu ✓ mega eingöngu gera einfalda skiptasamninga.
Samband viðskiptabanka og fjárfestingarbanka innan sömu samstæðu	Liikanen-skýrslan fer ekki út í þetta í smáatriðum Hins vegar er tekið fram að innstæðubankinn verði að vera í fullnægjandi skjóli fyrir þeim áhættum sem fylgir fjárfestingarbankastarfsemi innan sömu samstæðu. Sérstaklega er tekið til að öll viðskiptin innan samstæðu verði að fara fram á markaðskörum; lögbundnar takmarkanir á millibankaáhættu gildi í slíkum viðskiptum og flutningur eigna sé bannaður ef hann ógnar ákvæðum um lágmark eigin fjár.	Vickers-skýrslan leggur til að: öll viðskipti milli þessara eininga fari fram á markaðsforsendum. Þá leggur hún til að takmarkanir gildi um ábyrgðir milli rekstrareininga innan samstæðu, jöfnunarsamninga vegna afleiða takmarkaðir og telur að fara eigi almennt með kröfur innan samstæðu sem kröfur á þriðja aðila.	Núverandi bandarísk löggjöf takmarkar verulega heimildir innlánsstofnana til að veita, beint eða óbeint, lán eða fjármagna tengd fyrirtæki eða að fjármagna þriðja aðila til hagsbóta fyrir tengdan aðila nema um sé að ræða innlánsstofnun og dótturfyrirtæki hennar. Þessi ákvæði ganga mun lengra til að takmarka viðskipti innan samstæðu en ákvæði um stórar áhættur gera. Þessi ákvæði eru túlkuð þröngt að eftirlitsaðilum vestra.
Neyðaráætlanir	Skýrt er kveðið á um slíkar áætlanir í tilskipun framkvæmdastjórnar ESB um björgun og þrot fjármálfyrirtækja. Tilskipunin felur í sér aðgerðir sem geta leitt til þess að einstaka hlutar fjármálasamstæðu yrðu aðskildir og bætast ákvæði tilskipunarinnar við það sem kveðið er á um í Liikanen-skýrslunni.	Breska fjármálaeftirlitið kynnti til sögunnar tillögur um björgun og slit fjármálfyrirtækja í maí 2012. Útgáfa endanlegra reglna hefur tafist. FSA hefur boðað að reglurnar verði í eins miklu samræmi og mögulegt er við tilskipun ESB og tilmæli breska fjármálastöðugleikaráðsins um skilanevndir.	Dodd-Frank-lagabálkurinn kveður á um að stórar fjármálasamstæður útbúi eigin aðgerðaráætlanir um hvernig megi vinda ofan af starfsemi og endurreisa þegar þær lenda í erfiðleikum.
Reglufesting niðurfærslu krafna (e. Bail-in)	Drögin að tilskipun um endurreisn og slit fjármálfyrirtækja fela í sér að lánveitendur fjármálfyrirtækja í erfiðleikum, sem eiga ótryggt skuldabréf, geti þurft að sæta skerðingu krafna sinna ef niðurfærsla hlutfjár (hluthafar taka á sig fyrsta tapið) og vikjandi lána (og annarra fjármálagerninga sem teljast til T1 og T2) dugir ekki til þess að endurreisa eiginfjárlutfall fjármálfyrirtækis. Í Liikanen-skýrslunni er lagt til að gerð verði krafa um að bankar skuldi tiltekið lágmark af ótryggðum skuldum sem hægt væri að skerða ef til erfiðleika kemur; hægt yrði að mæta þessari kröfu með útgáfu frekara hlutfjár; bankar mættu ekki eiga kröfur á önnur fjármálfyrirtæki sem væru skerðanlegar við erfiðleika fjármálfyrirtækja; og að skerðanlegar skuldir verði notaðar í kaupaukakerfum fjármálfyrirtækja.	Vickers-skýrslan leggur til skerðingarheimildir verði lögbundnar með svipuðum hætti og lagt er til í tilskipunardrögum um endurreisn og slit fjármálfyrirtækja hjá ESB og nái til eiginfjárláta og ákveðinna ótryggðra skuldbindinga. Vickers-skýrslan telur að skerðingarheimildir ættu að ná til sem flestra tegunda skuldbindinga og að allar undanþágur frá skerðingu skuli samræmdar á vettvangi ESB. Skýrslan varpar fram þeirri hugmynd að einhver langtímaskuldabréf gefin út af banka geti verið með skilmálum sem geri það að verkum að þau skerðist á undan öðrum ótryggðum skuldabréfum.	Ekki er gerð krafa til þess að bandarískar fjármálastofnanir gefi út skerðanlegar skuldir (skuldabréf). Hins vegar gera Dodd-Frank lögin ráð fyrir að Bandaríski Seðlabankinn geti krafist stóra banka um að hafa aðgang að tilteknu magni af eigin fé til viðlaga (e. contingent capital).
Eiginfjárlögreglur og lausafjárlögreglur	Þær sömu og kveðið er á um í CRD IV og CRR. Í Liikanen-skýrslunni er jafnframt stungið upp á að Basel-nefndin íhugi að kveða á um hærri eiginfjárlutfall fyrir áhættu í veltubók og fasteignalánveitinga.	Þær sömu og kveðið er á um í CRD IV og CRR. Vickers-skýrslan leggur til að stærstu innlánsstofnanirnar haldi aukalega 1-3% kjarnaefni (CET 1) af áhættuvegnum eignum. Líklegt er að þetta verði innleitt sem varaförð til að minnka kerfisáhættu, hliðstætt og gert er ráð fyrir í CRD IV (nýrri eiginfjárlutskilun ESB). Í Vickers-skýrslunni er tekið fram þessi viðbótarkrafa komi ekki til viðbótar öðrum kröfum sem kunna að verða gerðar til alþjóðlegra, kerfislega mikilvægra fjármálfyrirtækja.	Innlánsstofnunin og eignarhaldsfélag hennar (fjármálalegt eignarhaldsfélag) þurfa að uppfylla eiginfjárlögreglur hvort í sínu lagi. Bandarískir eftirlitsaðilar hafa lagt fram tillögur um innleiðingu Basel III. Ef þær tillögur verða samþykktar þurfa fjármálfyrirtæki að meta eiginfjárlutfall bæði samkvæmt staðlaði og sértækri aðferð (sem byggir á eigin áhættumati eigna) þar sem staðlaða aðferðin yrði skilgreind sem lágmark.